



Kostnaðarmat vegna breytinga á reglum um fjárhagsaðstoð

16.gr.a

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri – Leikskólagjöld.

Miðað er við 8 klst. dvöl og að öll börn á aldrinum 1-5 ára séu á leikskóla.

Giftir foreldrar greiða 15.256 kr. í námsgjald og 11.360 kr. í fæðisgjald. Samtals 26.616 kr. mánaðargjald.

Einstæðir foreldrar greiða 6.328 kr. í námsgjald og 11.360 kr. í fæðisgjald. Samtals 17.688 kr. mánaðargjald.

Veittur er 100% systkinaafsláttur af námsgjaldi fyrir eldra systkini sem eru með sama lögheimili. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin.

Kostnaðurinn var 21,6 m.kr. á árinu 2019.

Ef allir foreldrar með fjárhagsaðstoð hefðu í 12 mánuði nýtt sér viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni að upphæð 16.671 kr þá hefði kostnaðurinn á árinu 2019 orðið 30,6 m.kr. $((121+32)*16.671*12)$

Kostnaðarauki fyrir Reykjavíkurborg nemur 12 m.kr. á ári.

	2019	áætlun 2020
Fjöldi barna einstæðra	121	121
Fjöldi barna giftra	32	32
Leikskólagjöld		35.903.520
Systkinaafsláttur		-2.198.484
Kostnaður 2019	21.638.782	
Kostnaður að hámarki	30.607.956	33.705.036
Hámark 20 - hámark 19		3.097.080
Hámark 20 - raun 19		12.066.254

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri - Skólamáltíðir.

Miðað er við að öll börn á aldrinum 6-15 ára séu í skólamat.

Foreldrar greiða 10.050 kr. jafnaðargjald á mánuði fyrir tvö börn, eða að hámarki 20.100 kr. samtals, önnur systkini njóta 100% afsláttar.

Kostnaðurinn var 1,7 m.kr. á árinu 2019.

Ef allir foreldrar með fjárhagsaðstoð hefðu í 9 mánuði nýtt sér viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni að upphæð 16.671 kr þá hefði Reykjavíkurborg greitt allan skólamat fyrir börnin þar sem jafnaðargjaldið er lægra en viðmiðunarmörk aðstoðar.

Kostnaðarauki fyrir Reykjavíkurborg nemur 13,8 m.kr. á ári.

	2019	áætlun 2020
Fjöldi barna einstæðra	137	137
Fjöldi barna giftra	45	45
Skólamatur		16.461.900
Systkinaafsláttur		-994.950
Kostnaður 2019	1.664.522	
Kostnaður að hámarki	10.466.950	15.466.950
Hámark 20 - hámark 19		5.000.000
Hámark 20 - raun 19		13.802.428

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri - Frístundaheimili.

Miðað er við að öll börn á aldrinum 6-9 ára séu í frístund 5 daga vikunnar frá 13:40 – 17:00 í 9 mánuði á ári.

Foreldrar greiða 14.150 kr. í dagvistun og 4.085 kr. í síðdegishressingu. Samtals 18.235 kr. mánaðarlega. Sama gjald fyrir gifta foreldra og einstæða foreldra.

Veittur er 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi fyrir eldra systkini sem eru með sama lögheimili.

Kostnaðurinn var 3,3 m.kr. á árinu 2019

Ef allir foreldrar á fjárhagsaðstoð hefðu í 9 mánuði nýtt sér viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni að upphæð 16.671 kr þá hefðu þau getað nýtt afganginn af viðmiðunarmörkum aðstoðar (16.671 – 10.050 skólamáltíð) fyrir frístund.

Kostnaðarauki fyrir Reykjavíkurborg nemur 7,6 m.kr. á ári.

	2019	áætlun 2020
Fjöldi barna einstæðra	69	69
Fjöldi barna giftra	21	21
Frístundaheimili		14.770.350
Systkinaafsláttur		-3.820.500
Kostnaður 2019	3.329.043	
Kostnaður að hámarki	5.363.010	10.949.850
Hámark 20 - hámark 19		5.586.840
Hámark 20 - raun 19		7.620.807

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri – Daggæsla.

Miðað er við að Reykjavíkurborg styrki foreldra barna í daggæslu sem nemur sömu upphæð og foreldrar greiða í náms- og fæðisgjald fyrir 8 stundir á leikskóla. Samtals 17.688 kr. mánaðargjald fyrir einstæða foreldra og 26.616 kr. fyrir gifta foreldra.

Kostnaðurinn var 5 m.kr. á árinu 2019.

Ef allir foreldrar með fjárhagsaðstoð hefðu í 12 mánuði nýtt sér viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni að upphæð 16.671 kr þá hefði kostnaðurinn á árinu 2019 orðið 6,6 m.kr. $((23+10)*16.671*12)$.

Kostnaðarauki fyrir Reykjavíkurborg nemur 3,1 m.kr. á ári.

	2019	áætlun 2020
Fjöldi barna einstæðra	23	23
Fjöldi barna giftra	10	10
Kostnaður 2019	4.993.565	
Kostnaður að hámarki	6.601.716	8.075.808
Hámark 20 - hámark 19		1.474.092
Hámark 20 - raun 19		3.082.243

20.gr. I

Greiðsla sérfræðiaðstoðar – Nauðsynlegar tannlækningar.

Viðmiðunarmörk aðstoðar verða 80.000 kr. á ári en voru áður 40.000 kr.

Á árinu 2019 þáðu 121 styrk vegna tannlækninga, gert er ráð fyrir sama fjölda áfram en hækkunar á viðmiðunarmörkum.

Kostnaður var 3,9 m.kr. á árinu 2019.

Kostnaðarauki fyrir Reykjavíkurborg nemur 5,8 m.kr. á ári.

	2019	áætlun 2020
Fjöldi notenda	121	121
Hámarksupphæð styrks	40.000	80.000
Kostnaður 2019	3.869.442	
Kostnaður að hámarki	4.840.000	9.680.000
Hámark 20 - hámark 19		4.840.000
Hámark 20 - raun 19		5.810.558

20.gr II

Greiðsla sérfræðiaðstoðar – Félagsráðgjafar, sálfræðingar og geðlæknar.

Viðmiðunarmörk voru 55.000 kr. á ári en verða 180.000 kr. á ári.

Miðað er við að tíminn hjá sérfræðingi kosti 18.000 kr. Hámarks fjöldi tíma á ári er 10 klst.

Kostnaður var 4,1 m.kr. á árinu 2019.

Kostnaðarauki fyrir Reykjavíkurborg nemur 10,8 m.kr. á ári.

	2019	áætlun 2020
Fjöldi notenda	83	83
Hámarksupphæð styrks	55.000	180.000
Kostnaður 2019	4.136.258	
Kostnaður að hámarki	4.565.000	14.940.000
Hámark 20 - hámark 19		10.375.000
Hámark 20 - raun 19		10.803.742

21. gr.

Útfararstyrkir.

Viðmiðunarmörk voru 160.000 kr. en verða 250.000 kr.

Kostnaður var 6 m.kr. á árinu 2019.

Kostnaðarauki fyrir Reykjavíkurborg nemur 3,9 m.kr. á ári.

	2019	áætlun 2020
Fjöldi notenda	40	40
Upphæð styrks	160.000	250.000
Kostnaður 2019	6.085.584	
Kostnaður að hámarki	6.400.000	10.000.000
Hámark 20 - hámark 19		3.600.000
Hámark 20 - raun 19		3.914.416

12. gr.

Tekjur og eignir umsækjenda

Heimilt er að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar, allt að kr. 300.000, fyrsta mánuðinn sem umsækjandi leitar eftir fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Umsækjandi fær þá fjárhagsaðstoð sem hann á rétt á samkvæmt stöðu sinni en fyrsta mánuðinn er honum heimilt að hafa hærri tekjur svo síður komi til skerðingar fjárhagsaðstoðar.

Tekjumörk eru jafn há fjárhagsaðstoðinni, fyrir utan fyrsta mánuð sem sótt er um, þá eru tekjumörk hærri.

Einstaklingur með 325 þ.kr. í tekjur í fyrri mánuði mun núna fá 182.709 kr. í fjárhagsaðstoð fyrsta mánuðinn í staðinn fyrir áður 90.418 kr.

	Tekjuviðmið	Laun	Fjárhagsaðstoð	Réttur til fjárhagsaðstoðar
Verður	300.000	-325.000	207.709	182.709
Var	207.709	-325.000	207.709	90.418

Á árinu 2019 fengu 254 höfnun vegna of hárra tekna. Kostnaður vegna hækkunar á fjárhagsaðstoð til þeirra mun nema 23,9 m.kr.

Fjöldi þeirra sem fékk skerðingu á fjárhagsaðstoð vegna of hárra tekna var 2.353 talsins. Kostnaður vegna hækkunar á fjárhagsaðstoð til þeirra mun nema 93,7 m.kr.

Samtals kostnaðarauki Reykjavíkurborgar er 117,6 m.kr

	2019	áætlun 2020
Fjöldi sem fékk höfnun en mun fá fjárhagsaðstoð eftir breytingu	254	254
Kostnaður vegna hækkunar fjárhagsaðstoðar til þeirra sem fengu höfnun		23.872.411
Fjöldi sem fékk samþykkt en mun fá hækkun eftir breytingu	2.353	2.353
Kostnaður vegna hækkunar fjárhagsaðstoðar til þeirra sem fengu samþykkt		93.698.862
Samtals kostnaðarauki vegna hækkunar tekjuviðmiða		117.571.273

Heildar kostnaðarauki vegna breytinga á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð nemur 174,7 m.kr. á ári.

Kostnaðarauki	Hámark 20 - raun 19	Hámark 20 - hámark 19
Leikskólagjöld	12.066.254	3.097.080
Skólamáltíðir	13.802.428	5.000.000
Frístund	7.620.807	5.586.840
Daggæsla	3.082.243	1.474.092
Tannlækningar	5.810.558	4.840.000
Sérfræðiaðstoð	10.803.742	10.375.000
Útfararstyrkir	3.914.416	3.600.000
Hækkun tekjuviðmiða	117.571.273	117.571.273
Samtals kostnaðarauki á ári	174.671.721	151.544.285